



Reykjavík, 20. mars 2019
SFS2019020055
158. fundur
HG/img/ehp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um breytt framlag vegna opunar ungbarnadeildar í leikskólanum Sælukoti

Með bréfi, dags. 12. febrúar 2019, fer leikskólinn Sælukot fram á að heimilað verði að bæta við ungbarnadeild í leikskólanum. Farið er fram á að þar geti verið 18 - 20 börn frá 12 mánaða aldri.

Samkvæmt rekstrarleyfi sem gefið var út 18. ágúst 2015 er heimilt að vera með 72 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Verði beiðni um breytt rekstrarleyfi samþykkt verður heimilt að vera með 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða og jafnframt 52 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Heimild er fyrir greiðslu framlags til leikskólans Sælukots vegna 59 reykvískra barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Ef beiðni um breytt rekstrarleyfi verður samþykkt er með vísan til breyttrar samsetningar barnahópsins, er lagt til að gerð verði breyting á framangreindum samningi með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 52 reykvískra barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Jafnframt verði gerður samningur á forsendum samnings vegna yngri barna þar sem fram kemur að heimilt verði að greiða framlag vegna 20 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Áætlað framlag til leikskólans Sælukots yrði því kr. 32,7 milljónir hærra á ársgrundvelli.

Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnadeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst.

Gert hefur verið ráð fyrir fjármagninu í fjárhagsramma sviðsins á árinu. Kostnaður vegna ársins 2019 yrði 11,9 milljónir.